

**Stofnanasamningur
milli
Eflingar – stéttarfélags
og
Rafmagnsveitu ríkisins
um forsendur röðunar starfa við stofnunina**

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar og Eflingar – stéttarfélags og SGS, hins vegar, dags. 7. apríl 2004.

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Rafmagnsveitu ríkisins, sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 7. apríl 2004. Um önnur atriði sem ekki eru tekin fram í samningi þessum, skulu gilda ákvæði aðalkjara-samnings eftir því sem við á.

2 Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. lið 3 í þessu samkomulagi um þætti er ráða grunnröðun starfa og lið 4 í þessu samkomulagi um persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis innan stofnunarinnar þegar störfum er raðað til launa. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis innan stofnunarinnar.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum viðkomandi stofnunar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Grunnröðun

Starf A. Lfl. 2

Skilgreiningu á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. kafli hér að framan um forsendur röðunar.

Vegna breytinga á starfsemi Rafmagnsveitu ríkisins geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem raða skal þá sérstaklega með samkomulagi í samstarfsnefnd.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4 Annað sem áhrif hefur á einstaklingsröðun

Menntun umfram grunnkröfur starfs allt að.....	2
Starfsmaður sem sótt hefur 50 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
Frekara nám sem lokið er í samráði við stofnun og nýtist í starfi	1
Starfsreynsla	2
Starfsmaður sem öðlast hefur eins árs starfsreynslu við sambærileg störf.....	1
Starfsmaður sem öðlast hefur fimm ára starfsreynslu við sambærileg störf	1

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar.

5 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings aðila.

6 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Reykjavík, 8. desember 2004

f.h. Rafmagnsveitu ríkisins
(sign)

f.h. Eflingar - stéttarfélags
(sign)

Fylgiskjal 1

Starf flokkun hjá Rafmagnsveitu ríkisins með tilliti til launaröðunar.

Starf A

- Blandað starf við mötuneyti og ræstingu

Samkomulag um breytingu á stofnanasamningi

Eflingar- stéttarfélags annars vegar og
RARIK (Rafmagnsveitna ríkisins) hins vegar

Samkomulag er um eftirfarandi breytingu á grunnröðun starfa er taki gildi frá og með 1. maí 2006.

Grunnröðun starfs:	Frá 01.05.06
Starf A	006

Reykjavík, 4. september 2006.